


# Starfsáætlun leikskólans

---

**2017 – 2018**

Mynd af  
leikskólanum



## Formáli

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 vinna leikskólar eftir aðalnámskrá leikskóla. Samkvæmt henni vinnur hver og einn leikskóli upp sína skólanámskrá þar sem fram kemur á hvern hátt leikskólinn uppfyllir þau viðmið sem þar eru sett fram.

Leikskólar gera starfsáætlun þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en fræðsluráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, markmið, leiðir að markmiðunum áætlun um hvernig þau verða metin.
- Áherslur í starfsáætlun fræðsluviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Fjöldi barna, kynjahlutfall, dvalarstundir, fjöldi barna sem njóta sérkennslu og fjöldi barna af erlendum uppruna.
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til sviðsstjóra fræðsluviðs fyrir 1. júlí ár hvert. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir fræðsluráðs til samþykktar.

## Efnisyfirlit

Formáli.....	2
1. Inngangur .....	4
2. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun .....	6
2.4 Matsáætlun .....	6
2.1 Innra mat leikskólans.....	6
2.2 Húsnæði og lóð.....	6
2.3 Ytra mat.....	7
2.3. Umbótaáætlun samkvæmt niðurstöðum innra- og ytra mats .....	<b>Error! Bookmark not defined.</b>
3. Áherslur í starfi leikskólans.....	8
3.1 Áherslur leikskólans næsta starfsár.....	8
4. Starfsmannamál .....	9
4.1. Starfsmannahópurinn 1. maí.....	9
4.2 Starfsþróunarsamtöl.....	9
4.3 Símenntun frá síðasta ári.....	9
4.4 Áætlun um símenntun í leikskólanum.....	10
5. Aðrar upplýsingar .....	10
5.1 Barnahópurinn 1. maí.....	10
5.2 Foreldrasamvinna.....	11
5.3 Samstarf leik- og grunnskóla .....	11
5.4 Almennar upplýsingar .....	11
5.5 Áætlanir .....	12
Fylgirit.....	12
• Matsgögn.....	12
• Leikskóladagatal .....	12
• Umsögn foreldraráðs.....	12
• Annað .....	12

## 1. Inngangur

### Hvað einkenndi árið, starfsmannahald, helstu verkefni, viðburði o.þ.h.

#### Starfsmannahald:

Skólaárið 2016 – 2017 var sveiflukennt hvað varðar starfsmannahald. Þrír starfsmenn létu af störfum í kringum áramót og fækkaði þar með um þrjá fagmenntaða starfsmenn í hópnum okkar. Eftir áramót fóru tveir starfsmenn sem eru í þroskaþjálfanámi í 8 vikna vettvangsnám og einn sem er að læra leikskólakennarafræði. Á sama tíma fór starfsmaður í fæðingarorlof og tveir í langtíma veikindi. Vorönnin tók því verulega á starfsmannahópinn í langan tíma og var reynt að bregðast við því með tímabundnum ráðningum. Í sumar munu síðan 5 starfsmenn láta af störfum, þar af einn deildarstjóri. Töluverðar mannbreytingar eru því í farvatninu en á sama tíma fækkar börnum með stuðningstíma þannig að ekki er enn komið í ljós hvort eða hvað mikið þurfi að bæta við af starfsfólki fyrir komandi skólaár.

#### Helstu verkefni:

**Snemmtæk íhlutun:** Við höldum áfram að vinna með snemmtæka íhlutun og styrkja okkur enn frekar í vinnubrögðum og skilvirku ferli. Samráðsteymisfundir voru vel nýttir þar sem málum var komið í ákveðinn farveg og því fylgt eftir. Allar deildar eru nú farnar að nýta sér TRAS matstækið. Eins og á síðasta skólaári notum við áfram matslista úr bókinni Snemmtæk íhlutun og biðjum foreldra að fylla þá út. Einnig höldum við áfram að nota matslista eins og AEPS, Orðaskil, Hljóm, Gerd Strand, Íslenska þroskalistann, Íslenska smábarnalistann og eigin matslista. Myndbandsupptökur eru nýttar sem og fleiri leiðir. Mikilvægt er að nota SMT skráningar og þá sérstaklega áður en málum er vísað í samráðsteymi leikskólans svo hægt sé að komast fljótt og vel að kjarna málsins og vinna strax að úrræðum.

Sérkennslustjóri heldur vel utan um sérkennslu og sinnir því starfi af nákvæmni og heldur utan um börnin og þarfir þeirra. Fagaðili sem hélt utan um börn í 3. flokki lét af störfum í febrúar, á sama tíma og mikil mannekla var í leikskólanum. Þurftu því stjórnendur og starfsmenn deilda að vinna saman að því að halda utan um börnin í 3. flokki. Á hverju ári endurmetum við vinnu okkar með sérkennslubörnin og hvernig við getum sem best þjónustað þau. Þroskaþjálfari mun taka við starfi þess sem sér um börn í 3. flokki á næsta skólaári.

**Læsi:** Þessi námsþáttur er í stöðugri þróun. Við höfum lagt áherslu á að gera alla starfsmenn örugga og virka í að vinna með læsi á hverjum degi. Á skólaárinu varð rafbók okkar um snemmtæka íhlutun og læsi tilbúin og hjálpar hún til við að gera starfið okkar tengt læsi skýrt fyrir alla. Foreldrum var send rafbókin svo þeir séu í meiri tengslum við starfið okkar og geti nýtt sér hugmyndir heima. Unnið er með Lubba á hverri deild og er stafur vikunnar sýnilegur öllum foreldrum. K-pals er unnið með elstu börnunum okkar og er að verða komin ágæt reynsla á það námsefni.

**Stærðfræði:** Á þessu skólaári hefur stærðfræði verið mun sýnilegri í starfinu okkar en við stefnum á að gera enn betur á komandi skólaári. Læsi hefur nú fest sig vel í sessi og kominn er tími á að gera hið sama í stærðfræðinni. Við stefnum á að gera rafbók tengt stærðfræði sem mun sýna vel hvernig við getum unnið með stærðfræði á fjölbreyttan hátt með öllu því námsefni og leikefni sem við eigum.

**Spjaldtölvur:** Þó nokkuð stór hópur starfsmanna nýtir sér spjaldtölvur í vinnu með börnunum en alltaf má gera betur. Kynna þarf enn frekar fyrir starfsmönnum þau fjölmörgu Bitsboard borð sem við höfum búið til, kenna hvernig hægt er að búa til rafbækur, o.fl.

**SMT-skólafærni:** Við höfum haldið okkar striki í SMT skólafærni og styrkir það og leiðbeinir starfsfólki í hvernig við komum fram við börnin okkar. Einn deildarstjóri útskrifaðist með PMT-grunnmenntun á skólaárinu. Þetta er okkar áhersluþáttur í starfi sem aldrei má gleymast og stöðugt þarf að hlúa að, rifja upp og minna okkur á. Eins og áður er unnið svokallað ársbjóll fyrir skólaárið þar sem listuð eru upp þau verkefni sem vinna á hverju sinni tengt SMT, hvenær og hvaða reglur á að leggja inn á deildarnar.

**Innleiðing á nýrri heimasíðu:** Eins og á síðasta skólaári fór töluverður tími í að verða öruggur í að vinna með nýja heimasíðu. Við þurfum að leggja meiri áherslu á að nýta okkur alla þá möguleika sem heimasíðan býður upp á og kynna enn frekar fyrir foreldrum.

**Viðverustjórnun:** Við höfum ítrekað rætt um viðveru starfsmanna. Síðustu ár og í starfsmannakönnun þessa skólaárs kemur í ljós að starfsmenn upplifa mikið álag í starfi. Ástæður er bæði vegna fjölda barna á deild og fjarveru starfsmanna. Við nýtum okkur Bradfordkvarða og viðverustefnu Hafnarfjarðar, tókum viðverusamtöl við þá sem falla undir þau viðmið, ræðum um fjarveru og margt fleira. Við fórum bjarstýnar inn í þetta skólaár og töldum okkur vera að ná árangri en því miður er það ekki svo. Fjarvera starfsmanna er gríðarlega mikil og telja má á annarri hendi fjölda daga sem allir starfsmenn hafa verið mættir til vinnu. Viðverustjórnun virðist þurfa að taka mun fastari tókum á næsta skólaári.

Fyrir hönd starfsmanna leikskólans,

Lilja Kolbrún Steinþórsdóttir, leikskólastjóri.

## 2. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun

### 2.4 Matsáætlun

- Hvaða þætti leikskólastarfsins er áætlað að meta? Á skólaárinu 2017 – 2018 munum við meta spjaldtölvunotkun og fataklefa.
- Matið mun fara fram á fyrsta skipulagsdegi vetrarins í september 2017. Gerð verður umbótaáætlun og henni fylgt eftir í janúar 2018.
- Hvaða matsaðferðir / matsgögn er áætlað að nýta. Stjórnendur munu leggja spurningar fyrir hvern starfsmann.
- Hverjir munu taka þátt í matinu? Allir starfsmenn.

### 2.1 Innra mat leikskólans

- Hvaða þættir leikskólastarfsins voru metnir? (ath. að það þarf að meta allt starf leikskólans á 5 ára fresti).

Mælt er með að greint sé frá hverjum matsþætti fyrir sig t.d. með eftirfarandi hætti:

1. Í ár var útisvæði og samvera metið af starfsmannahópnum.
  - Matið fór fram á skipulagsdegi og svöruðu starfsmenn í litlum hópum spurningum sem stjórnendur lögðu fyrir.
  - Hverjar voru helstu niðurstöður matsins tengt samveru voru þær að leikir virka vel, að segja sögu, gaman að nota skjávarpa, syngja, málörvun, o.fl. Gott væri að hafa merkt sæti fyrir hvert barn þannig að þau viti ávallt hvar þau eiga að vera. Almenn ánægja var með útiveru en margt mátti laga eins og virkni starfsmanna, fylgjast með börnum allra deilda, fjöldatakmörkanir á útisvæðinu og fara betur yfir útisvæðið áður en við komum út.
  - Umbætur út frá niðurstöðum matsins voru helst þær að halda áfram góðu starfi en skipta samveru meira á milli starfsmanna, skoða hvar börnin sitja og lesa meira. Hvað varðar útisvæðið var strax farið í að bæta virkni starfsmanna, hugsa að öll börn eru okkar börn en ekki bara þau sem eru á minni deild og fara betur yfir útisvæðið fyrir útiveruna.

### 2.2 Húsnæði og lóð

- Starfsmenn Þjónustumiðstöðvar Hafnarfjarðar komu og tóku út lóð leikskólans. Starfsmenn, foreldraráð og foreldrar almennt hafa lýst yfir mikilli óánægju með bæði útisvæði leikskólans. Í sumar á að laga annað útisvæðið okkar, stækka það og laga, fögnum við því. Það má ekki gleymast að laga þarf hitt útisvæðið líka því það er verulega fráhrindandi, kuldalegt og býður ekki upp á fjölbreytta möguleika í útiveru fyrir yngstu börnin okkar.
- Húsnæði hefur ekki verið tekið út þegar þessi áætlun er skrifuð, fyrir utan að viðgerð á gluggum er fyrirhuguð vegna leka. Gólfdukar eru orðnir verulega lélegir og það þarf að fara að mála hjá okkur. Fúkkalykt er farin að gera vart við sig í leikskólanum og höfum við

áhyggjur af því.

### 2.3 Ytra mat

Skólaskrifstofan stendur fyrir foreldrakönnunum annað hvert ár (síðast 2013) og starfsmannakönnun sem framkvæmd var nú í febrúar 2015 af Skólapúlsinum. Einnig má huga að því í matinu hvort að menntamálaráðuneytis eða annarra aðila hafi gert mat á síðasta ári og ef svo er þarf að koma fram:

- Á þessu skólaári voru lagðar fyrir tvær starfsmannakannanir, ein á vegum Hafnarfjarðarbæjar og önnur á vegum Skólapúlsins.
- Tilgangurinn var að meta líðan starfsmanna, starfsánægju og faglegt starf.
- Kannanirnar voru báðar sendar út rafrænt.
- Helstu niðurstöður gáfu til kynna mikla starfsánægju og skilvirka stjórnun. Í ljós kom að við þurfum að bæta vinnuálagspátt, fara betur yfir starfslýsingar í starfsmannasamtali og finna leiðir til að fylgja starfsmannasamtali betur eftir. Einnig þurfum við að hafa meiri fræðslu og þjálfun fyrir nýja starfsmenn. Starfsmenn voru ánægðir með fræðslu og símenntun á vegum skólans. Einnig koma þættir tengt faglegu starfi skólans vel út. Að mati starfsmanna mættu útisvæði leikskólans vera betri, vistlegri og hlýlegri.
- Umbætur út frá niðurstöðum ytra mats. Starfsmenn fengu hver og einn spurningar út frá þeim þáttum sem ekki komu nægilega vel út í starfsmannakönnuninni. Við þurfum að halda áfram að vinna með viðverustjórnun þar sem að starfsmenn telja helsta álagið í starfinu vera vegna undirmönnunar. Ein leið til að bæta það er að allir mæti í vinnu en það virðist þó ganga illa að ná því markmiði. Undirmönnun á hverjum degi er alltaf þó nokkur. Starfsmenn voru spurðir hvort þeir vildu hafa hámark á fjölda starfsmanna sem mætti vera í orlofi á sama degi en mjög skiptar skoðanir voru á því hvað þeir vildu og ræða þarf það betur í hópnum. Í haust munum við fara í starfslýsingar, einnig erum við að setja upp nýja móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn. Nýr starfsmaður þarf meiri stuðning fyrstu dagana eða vikur í starfi. Við höfum ávallt fyrirlestur um starfshætti leikskólans og SMT-skólafærni þegar við tökum á móti nýju starfsfólki en fylgja þarf því betur eftir. Einnig þurfum við að gefa nýjum starfsmanni tíma í samtöl og enn meiri einstaklings eftirfylgd. Annað útisvæði leikskólans verður lagað í sumar og vonumst við eftir því að hitt útisvæðið okkar verði tekið næsta sumar þar sem það er veruleg þörf á að laga það. Í könnun Skólapúlsins kom fram að gera mætti betur varðandi stuðning við börn sem þurfa á sérkennslu að halda, starfsmenn telja að færri börn ættu að vera á hvern starfsmann sem og að auðveldara ætti að vera að óska eftir úthlutuðum sérkennslutímum. Á komandi skólaári munum við fara enn betur yfir verkferla með öllum hópnum til þess að þessi þáttur verði skýr. Einnig að styðja betur við starfsmenn ef það er eitthvað sem þeir þurfa stuðning við tengt barni.

### 3. Áherslur í starfi leikskólans

#### 3.1 Áherslur leikskólans næsta starfsár

Áherslur leikskólans næsta starfsár, aðrar en þær sem koma fram í umbótaáætlun.

1. Unnið verður markvisst að því að festa stærðfræði í sessi. Við stefnum á að búa til rafbók eins og við gerðum í snemmtækri íhlutun og læsi, einnig að útbúa kennsluáætlun fyrir hvern aldurshóp og gátlista sem starfsmenn geta unnið eftir.  
Markmiðið er að stærðfræðin verði sýnileg í starfinu og að unnið verði markvisst með hana með fjölbreyttum kennsluáðferðum með öllum aldurshópum.  
Stjórnendur munu halda utan um verkefnið og sjá til þess að allir starfsmenn verði virkir þátttakendur og öruggir í starfi.  
Endurmat á stærðfræðinni mun fara fram á vorönn 2018.
2. Byrjað er að vinna að sameiginlegum verkferlum í leik- og grunnskólum Norðurbæjar. Þórdís Helgadóttir heldur utan um það verkefni.  
Markmiðið er að vinna enn betur með orðaforða og gagnvirkan lestur, einnig að setja saman orð og taka í sundur. Horfa þarf á læsi heildrænt en ekki bara hjá tvítyngdum, orðaforði fyrir alla. Einnig verður unnið enn betur að því að brúa bilið milli leik- og grunnskóla og verður sett upp áætlun því tengt.  
Bæði verður unnið með grunnskólanum í hverfinu en einnig ætlar Þórdís að vinna sérstaklega með okkur á Álfabergi. Við munum setja upp 6 vikna áætlun í orðaforða og verður því fylgt vel eftir að unnið verði eftir henni. Þórdís mun hitta stjórnendur reglulega og verður hún líka með fræðslu og hópavinnu með okkur á skipulagsdegi í september.  
Endurmat á þessari vinnu mun fara fram á vorönn 2018.
3. Á komandi skólaári munum við halda áfram að styrkja okkur í að vinna með Vináttuverkefni Barnaheilla. Verkefnið hefur farið vel af stað og mikil ánægja með það. Börnin hafa tekið virkan þátt og verið alsæl með bangsana sína sem þau leita mikið í.
4. Við viljum gera enn betur í jafnréttiskennslu og mun Linda Björk aðstoðarleikskólastjóri halda utan um þá vinnu.
5. Umhverfið okkar í nágrenni leikskólans býður upp á marga möguleika í útikennslu sem við þurfum að nýta okkur enn frekar. Áhersla verður lögð á þennan þátt á komandi skólaári og kennarar hvattir til að fara meira með hópana sína út í náttúruna og vinna þar fjölbreytt og skemmtileg verkefni. Einnig að fara meira í vettvangsferðir.



## 4. Starfsmannamál

### 4.1. Starfsmannahópurinn 1. maí

Starfsheiti	Fjöldi	Starfshlutfall	Menntun
Leikskólakennari	7	6,84	Leikskólakennaramenntun
Leikskólaleiðbeinandi A	4	3,75	Grunnskólakennaramenntun, Meistaragráða í íþróttifræðum.
Leikskólaleiðbeinandi B	1	1	Sálfræðimenntun.
Þroskaþjálfari	1	0,75	Þroskaþjálfamenntun.
Leiðbeinendur	14	12,9	Grunnskólapróf/stúdentspróf/iðngreinapróf

### 4.2 Starfsþróunarsamtöl

Starfsmannasamtöl voru tekin mjög seint á þessu skólaári. Ástæðan var einna helst mikil undirmönnun. Deildarstjórar tóku viðtöl við sitt starfsfólk en leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri við deildastjóra og sérkennslustjóra. Ánægja var með þetta fyrirkomulag en við eigum eftir að endurmeta hvort að við gerum þetta aftur á þennan hátt. Teljum við mikilvægt að deildarstjórar eigi samtal við sína starfsmenn einstaklingslega en um leið er líka mikilvægt að stjórnendur séu í tengslum við allt starfsfólk. Draumurinn er að geta haft tvö starfsmannasamtöl yfir skólaárið þannig að á haustönn myndu deildarstjórar taka samtöl og á vorönn leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri.

### 4.3 Símenntun frá síðasta ári

Margvísleg símenntun fór fram á skólaárinu. Undirmönnun hafði þó truflandi áhrif á vorönn þar sem enginn komst frá til þess að sækja námskeið t.d. á vegum fræðslu- og frístundapjónustu. Við þurfum að standa vörð um að slíkt gerist aftur þar sem símenntun er mikilvægur þáttur fyrir faglegt starf og sjálfsstyrkingu starfsmanna. Við gerðum hins vegar okkar besta og eftirtalin námskeið voru sótt:

- Nýir starfsmenn fengur kynningu á starfsháttum leikskólans og SMT-skólafærni.
- Sigríður Hulda hjá SHJ ráðgjöf kom tvisvar sinnum til okkar og var með fyrirlestur um samskipti á vinnustað.
- Þrír starfsmenn fóru á Lubba námskeið.
- Allir starfsmenn sóttu fyrirlestur á skipulagsdegi um vinnu með bætta námsárangur.
- Allir starfsmenn fengu tvisvar sinnum námskeið í Orkustjórnun sem Guðjón Svansson hjá Hagvangi var með.
- Tveir starfsmenn stóttu námskeið á vegum Barnaheilla um vináttuverkefni.
- Tveir starfsmenn sóttu fyrirlestur um stærðfræði í leikskólastarfi sem Eva Ásgeirsdóttir var með.
- Hanna Dóra Halldórsdóttir var með fyrirlestur um viðhorf til barna.
- Einn starfsmaður fór á grunnenntunarnámskeið í PMT.

- Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri fóru á fyrirlestur um forsjá barna.
- Starfsmaður okkar sem var í meistaranámi kynnti starfendarannsókn sem hún vann í vettvangsnáminu sínu hér hjá okkur tengt val tíma barna.
- Leikskólastjóri sótti námskeið í markþjálfun á vegum fræðslu- og frístundaþjónustu.
- 24 starfsmenn fóru í námsferð til Brighton í maí og fóru þar á Numicon námskeið og í leikskólaheimsóknir.

#### 4.4 Áætlun um símenntun í leikskólanum

- Símenntunaráætlun leikskólans, við stefnum á:
  - Fyrirlestur um jafnrétti og leiðir í vinnu með börnum.
  - Fyrirlestur um samskipti á vinnustað, Eyþór Eðvarsson.
  - Fyrirlestur um útikennslu.
  - Fyrirlestur um PMT, Elísa Ingólfssdóttir.
  - Fyrirlestur um núvitund.
- Við munum sækja eins mikið af námskeiðum, fyrirlestrum og ráðstefnum eins og kostur er. Nokkrir starfsmenn hafa nú þegar skráð sig á fyrirlestur hjá Endurmenntun HÍ um núvitund í uppeldi barna, a.m.k. einn starfsmaður stefnir á TRAS námskeið og stjórnendur hafa áhuga á að fara á námskeið í meðvirkni hjá Lausninni.

## 5. Aðrar upplýsingar

### 5.1 Barnahópurinn 1. maí.

- 94
- 52 drengir, 42 stúlkur.
- Dvalarstundir, 762,8
- Deildargildi, 5,26
- Fjöldi barna sem nutu sérkennslu samkv. greiningaviðmiðum sérkennslu í 1. og 2. flokki voru 4 stúlkur.
- Fjöldi barna sem nutu sérkennslu með önnur þroskafrávik (málþroskafrávik, hegðunarfrávik, þroskafrávik, annað), voru 31 talsins.

- Fjöldi barna með ofnæmi voru 6.
- Fjöldi barna með fæðuóþol voru 11.
- Fjöldi barna með annað móðurmál en íslensku, 12 börn.
- Fjöldi tungumála.
- Þjóðerni forsjáraðila, 11 foreldrar eru frá Póllandi, 2 foreldrar frá Rúmeníu, 1 foreldri frá Litháen, 1 foreldri frá Þýskalandi, 2 foreldrar frá Víetnam og 1 foreldri frá Filíppseyjum.

## 5.2 Foreldrasamvinna

Við höfum ávallt lagt okkur fram við að eiga góð samskipti og samvinnu við foreldra. Okkar megin markmið er að hlusta á og virða skoðanir foreldra og viðhorf þeirra. Foreldrasamvinna er gríðarlega mikilvæg fyrir barnið og ánægjulega leikskólagöngu. Við viljum heyra raddir þeirra og hvetjum foreldra til þess að koma til okkar með sínar vangaveltur og ábendingar.

- Á haustfundi leikskólans voru 5 fulltrúar foreldra kosnir í foreldraráð þar af tveir nýir. Fámennt var á fundinum en boðið var upp á fyrirlestur og samræður við starfsfólk ISS. Einnig var sagt frá starfi leikskólans. Foreldraráð hittist sjaldan á þessu ári og þurfum við að vera duglegri við að hittast og fara reglulega yfir það sem brennur á okkur. Einnig þarf að kynna foreldraráð betur fyrir öllum foreldrum.
- **Foreldrasamtöl (fyrirkomulag, tímabil).**  
Foreldrasamtöl gengu vel þetta skólaár og var foreldrum boðið að koma í samtal að minsta kosti einu sinni á skólaárinu en oftar ef þörf var á.
- **Foreldrafélag**  
Öflug foreldrafélag er í leikskólanum og starfar það í góðu samstarfi við leikskólastjóra. Yfir árið var staðið var að skemmtilegum uppákomum yfir eins og að fá til okkar jólaveina á jólaballið, einnig var lítil gjöf keypt frá jólasveininum handa hverju barni. Foreldrafélagið kom að skipulagi sumarhátíðarinnar og fékk til okkar íþróttálfinn, o.fl.. Að venju innheimtust félagsgjöldin vel þetta skólaárið.

## 5.3 Samstarf leik- og grunnskóla

- Áætlun vetrarins. Kennarar leik- og grunnskólans hittast í ágúst og setja niður skipulag vetrarins. Við erum bæði í sérstöku samstarfi innanhúss með 1. bekkjunum.
- Innanhúss höfum við á Álfabergi unnið með 1. bekkjum í hringekju. Síðast liðið ár var því háttað þannig að þau hittust í u.þ.b. einu sinni í viku í 10 vikur í senn þar sem unnið var á stöðvum þar sem unnin voru fjölbreytt verkefni, m.a. í stærðfræði og íslensku, útiveru o.s.frv. Á degi leikskólans, 6. febrúar ár hvert koma grunnskólanemendur til okkar og þá er komið saman í samveru og allir fara á valfund og síðan er leikið saman. Á degi íslenskrar tungu koma grunnskólabörn úr 4. bekk til okkar og lesa fyrir eina til tvær deildir. Leikskólanum er einnig boðið á samverustund hjá 1. bekk sem haldin er að morgni og þá sýna grunnskólabörnin atriði. Einnig er okkur boðið að koma á Helgileik fyrir jólin í Víðistaðakirkju. Bókasafnsfræðingur grunnskólans tekur á móti okkur og kynnis bókasafnið og les fyrir okkur sögu. Leikskólabörnin hafa einnig hitt grunnskólabörnin á skólalóðinni og farið með þeim í leiki.
- Áframhaldandi samstarf verður á komandi skólaári og er í stöðugri þróun. Áætlun liggur ekki fyrir þegar þessi starfsáætlun er sett fram. Leikskólinn hefur aðgang að íþróttasal, bókasafni,

tölvustofu og heimilisfræðistofu í grunnskólanum. Ákveðið hefur verið að hittast í ágúst og setja upp skipulag og efla samstarfið okkar við Víðistaðaskóla í Engidal enn meira.

#### 5.4 Almennar upplýsingar

- Skipulagsdagar voru samkvæmt skóladagatali fyrir áramót en eftir áramót tókum við tvo samliggjandi skipulagsdaga í maí þegar farið var í námsferð til Brighton.

#### 5.5 Áætlanir

Eftirtalar áætlanir eiga að vera aðgengilegar á heimasíðu leikskólans

- Viðbragðsáætlun ef upp kemur grunur um:
  - einelti
  - ofbeldi
  - annað
- Viðbragðsáætlun við.
  - slysum
  - áföllum
  - annað
- Öryggisáætlanir
  - Rýmingaráætlun
  - Vinnuverndaráætlun
- Móttökuáætlun (barna og starfsmanna)
- Jafnréttisáætlun

#### Fylgirit

- Matsgögn
- Leikskóladagatal
- Umsögn foreldraráðs
- Annað

Hafnarfirði 29. júní 2017

---

Leikskólastjóri

